



Ársskýrsla 2023



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is

Ársskýrsla Rauða krossins á Íslandi 2023
Reykjavík, maí 2024

Útgefandi: Rauði krossinn á Íslandi

Ábyrgðaraðili: Kristín S. Hjalmtýsdóttir

Ritstjóri: Oddur Freyr Þorsteinsson

Umbrot og hönnun: María Margeirsdóttir, Hnótskógur

Prófarkalestur: Oddur Freyr Þorsteinsson, Gylfi Þór Þorsteinsson, Jón Brynjar Birgisson, Nína Helgadóttir, Kristín S. Hjalmtýsdóttir

Myndir: Sigurður Ólafur Sigurðsson, IFRC, ICRC, Sahara, Undireins, starfsfólk og sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi

Forsíðumyndin er af húsnæði Rauða krossins við Efstaleiti 9



Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------------|----|
| Ávarp formanns | 4 |
| Starfsemi Rauða krossins á árinu 2023 | 5 |
| Neyðarvarnir | 7 |
| Heilbrigðisverkefni | 8 |
| Farendur | 12 |
| Alþjóðaverkefni | 15 |
| Fjáröflun | 18 |
| Fjármál | 19 |

Skammstafanir

IFRC- Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans

ICRC – Alþjóðaráð Rauða krossins og Rauða hálfmánans

DREF – (Disaster Response Emergency Fund) Hamfarasjóður Alþjóða sambandsins

Naloxone – nefúði sem nýtist í andnauð

Ávarp formanns



Ágæti lesandi

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt, bæði á vettvangi Rauða krossins á Íslandi og í heiminum öllum. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki við að efla og viðhalda viðnámsþrótti og seiglu samfélagsins vegna áfalla og hamfara og bregðast við þegar alvarlegir atburðir eiga sér stað. Umfangsmesti atburður félagsins hér á landi voru eldumbrot á Reykjanesskaga og rýming Grindavíkurbæjar í nóvember. Rauði krossinn opnaði fjölda hjálparstöðvar og hefur síðan veitt fjölbreyttan stuðning, meðal annars með aðkomu að rekstri tímabundinnar þjónustumiðstöðvar, sálfélagslegum stuðningi og fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoðina má þakka bæði rausnarlegum framlögum almennings og fyrirtækja til neyðarsófnunar fyrir Grindvíkinga sem og stuðningi frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Í fyrsta sinn í nærri hundrað ára sögu Rauða krossins á Íslandi var sótt um stuðning í hamfarasjóð Alþjóðasambandsins (e. Disaster Response Emergency Fund) og fengust tæplega 72 milljónir króna í styrk þaðan. Félaginu er ómetanlegt að að finna stuðning almennings á neyðarstundu en geta sömuleiðis sótt aðstoð út fyrir landsteinana þegar þörf er á.

Verkefni félagsins hafa verið ærin á öðrum vettvangi. Í haust var opnað gistiskýli fyrir heimilislaust flóttafólk sem hefur hlotið endanlega synjun um dvalarleyfi og fær því ekki frekari aðstoð frá hinu opinbera. Hingað til lands kemur enn verulegur fjöldi fólks á flótta og því miður virðist hvorki lát á átökum né hamförum í heiminum, svo búast má við enn fleira fólki á næstu árum. Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans leggur áherslu á vernd, jafnrétti og þátttöku án aðgreiningar. Félagið styður við móttöku fólks og auðveldar inngildingu þess í íslenskt samfélag, m.a. með stuðningi við fjölskyldusameiningar og þátttöku sjálfbóðaliða.

Rauði krossinn á Íslandi mun halda áfram að sinna málsvarahlutverki fyrir jaðarsetta hópa í samfélaginu, hvort sem það eru þau sem eru að stíga út í samfélagið eftir afpláun refsivistar, þau sem nota vímuefni, eða þau sem eru nýkomin hingað lands á flótta undan átökum, hamförum eða ofsóknum.

Mér hlotnaðist sá heiður á árinu að afhenda Guðbjörgu Sveinsdóttur, geðhjúkrunarfræðingi, sendifulltrúa og fyrrum starfsmanni RKÍ, Florence Nightingale orðuna fyrir sitt einstaka starf. Orðan er æðsta alþjóðlega viðurkenning sem hjúkrunarfræðingar geta hlotið og er Guðbjörg fimmti íslenski hjúkrunarfræðingurinn til að vera sæmd henni.

Guðbjörg er ötull talsmaður geðfatlaðra hérlendis sem og erlendis og starfaði fyrir Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans um langt árabíll, m.a. í Írak, Indónesíu, Palestínu, Belarús og Bangladess. Ég ítreka hér með hamingju-óskir mínar til Guðbjargar og færi henni þakkir fyrir hennar verðmæta framlag til samfélagsins.

Rauði krossinn á Íslandi stendur á tímamótum. Á árinu 2024 verður félagið okkar 100 ára. Félagið á sér langa og merka sögu, það hefur komið að þróun og skipulagningu velferðar- mannúðar- og neyðarþjónustu á miklum uppbyggingartímum á Íslandi. Félagið er síbreytilegt. Við lögum okkur að aðstæðum og gætum að því að starf okkar sé alltaf í samræmi við þarfir á hverjum tíma.

Starfið okkar krefst fjármagns. Fjáröflun er nauðsynlegur þáttur í því að við getum framkvæmt það sem við ætlum okkur. Fjáröflun verður að vera á herðum okkar allra. Við förum vel með fjármagn, við erum ábyrg og við erum traust.

Það er skylda okkar allra að halda áfram að þróa og efla félagið. Sjálfbóðaliðar halda merki Rauða krossins á lofti um allt land. Á næstu árum verðum við að gæta að því að sá stóri hópur verði sem fjölbreyttastur og endurspegli samfélagið. Við þurfum að ná til ungs fólks, við þurfum að ná til nýrra íbúa á Íslandi og við verðum að vera síung og leiðandi í mannúðar- og hjálparstarfi um allt land.

Með bestu kveðju,
Silja Bára R. Ómarsdóttir
Formaður Rauða krossins á Íslandi

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2023



Á árinu var þess minnst að 50 ár eru liðin frá einum umfangsmesta atburði sem félagið hefur komið að, eldgosinu í Vestmannaeyjum 1973. Atburðurinn var vendipunktur í neyðarvarnastarfi félagsins og markaði brautina til næstu áratuga. Félagið tók þá að sér að skrá alla brottflutta Vestmannaeyinga, setti upp fjöldahjálparstöðvar á nokkrum stöðum, kom að rekstri þjónustumiðstöðvar í Hafnarbúðum í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og kom að ýmsum endurreisnarverkefnum næstu fjögur árin.

Árið var annasamt í neyðarvörnum Rauða krossins. Sjálfboðaliðar og starfsfólk komu að viðbrögðum þegar rýma þurfti byggð í fimm byggðakjörnum á Austurlandi í vor vegna snjóflóða og snjóflóðahættu. Umfangsmesta rýming sem félagið hefur komið að frá Vestmannaeyjagosi var svo í nóvember þegar rýma þurfti Grindavíkurbæ vegna mikilla jarðhræringa á Reykjaneskaga. Félagið hefur stutt við brottflutta íbúa Grindavíkur frá rýmingu með fjölbreyttum hætti. Fjársofnun var hrundið af stað, sem nýta skyldi í neyðarstyrki til íbúa, þrjár fjöldahjálparstöðvar voru opnar í viku frá rýmingu og tímabundnar þjónustumiðstöðvar voru opnaðar í Reykjavík og Reykjanesbæ.

Í fyrsta sinn í sögu félagsins var sótt um fjárstuðning frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans.



Undirbúningur var hafinn að opnun neyslurýmis í Reykjavík fyrir fólk sem notar vímuefni eftir að tilraunaverkefninu Ylju, sem var færnanlegt neyslurými í bíl, lauk snemma árs. Stefnt er að opnun neyslurýmisins á vormánuðum 2024.

Tónlistarkonan Ellen Kristjánsdóttir stóð, ásamt Rauða krossinum, fyrir styrktar-tónleikum í Eldborg undir heitinu „Vaknaðu!“ í vor. Tilgangurinn var að safna fyrir skaðaminnkunarverkefnum Rauða krossins. Tónleikunum var sjónvarpað beint á RÚV.

Félagið sinnti sem áður félagslegum stuðningi fyrir flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd víða um land. Áhersla er á að auka samfélagslega þátttöku og stuðla að virkni.

Átökin í Úkraínu hafa staðið yfir frá vormánuðum 2022. Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt við hjálparstarf vegna

átakanna, bæði í Úkraínu og nágrenna-löndunum. Þá hefur félagið komið að sálrænum stuðningi fyrir Úkraínufólk á Íslandi, með dyggum stuðningi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Evrópusambandsins.

Rauði krossinn á Íslandi studdi við viðbrögð alþjóðahreyfingarinnar vegna jarðskjálfta í Tyrklandi og Sýrlandi, þar sem tugþúsundir létust og flóða í Marokkó og Líbíu í. Neyðarsöfnun var hrundið af stað hér á landi vegna atburðanna.

Í október hófust átök á Gaza sem ekki sér fyrir endann á. Rauði krossinn á Íslandi brást við með neyðarsöfnun til að styðja við hjálparstarf á svæðinu. Rauða kross hreyfingin leggur þunga áherslu á að stríðandi fylkingar virði alþjóðleg mannúðarlög í vopnuðum átökum.

Þróunarsamvinna hefur verið ríkur þáttur í starfi Rauða krossins á Íslandi um áratugaskeið. Félagið starfar í nánú samstarfi við utanríkisráðuneytið að því að byggja upp viðnámsþrótt, efla landsfélög, auka aðgengi að heilbrigðisþjónustu og vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga í Malaví, Síerra Leone og Sómalíu.


Stjórn

Stjórn félagsins skipa:

Silja Bára R. Ómarsdóttir, *formaður*
Sigríður Stefánsdóttir, *varaformaður*
Baldur Steinn Helgason, *stjórnarmaður*
Elín Ósk Helgadóttir, *stjórnarmaður*
Gréta María Grétarsdóttir, *stjórnarmaður*
Ívar Kristinsson, *stjórnarmaður*
Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar, *stjórnarmaður*
Sigurjón Haukur Valsson, *stjórnarmaður*
Símon Friðrik Símonarson, *stjórnarmaður*
Sveinn Þorsteinsson, *stjórnarmaður*
Valgerður Bláklukka Fjölinsdóttir, *stjórnarmaður*
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, *stjórnarmaður*
Unnsteinn Ingason, *varamaður í stjórn*


Starfsemi Rauða krossins á árinu 2023

Skipting sjálfbóðaliða eftir landshlutum



| Fjöldi og tegundir námskeiða | Námskeið | Pátttakendur |
|------------------------------|----------|--------------|
| Neyðarvarnarnámskeið | 17 | 248 |
| Hjálparsímanámskeið | 3 | 21 |
| Sálrænn stuðningur | 59 | 1.144 |
| Vinaverkefnanámskeið | 28 | 328 |
| Námskeið um málefni farenta | 12 | 96 |
| Skaðaminnkunarnámskeið | 9 | 94 |
| Skyndihjálparnámskeið | 693 | 8.848 |
| Önnur námskeið | 3 | 67 |
| Sendifulltrúanámskeið | 1 | 25 |
| Almenn fræðsla | 4 | 36 |

Kyn starfandi sjálfbóðaliða á árinu



Umsagnir til Alþingis:

Eftirfarandi umsagnir voru sendar til Alþingis um málefni sem varða félagið og skjólstæðinga þess:

Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga

Umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhlítandi þjónustu vegna vímuefnavanda

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana og fíkniefni (afglæpavæðing neysluskammta). Mál Nr. 102 2023

Umsögn um frumvarp til laga um afnám þjónustusviptingar í lögum um útlendinga

Andsvar v. athugasemda DMR um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga

Umsögn um sameiningu Fjölmenningsseturs og (Vinnumálastofnunar)

Starfsfólk Rauða krossins

Starfsfólk Rauða krossins á Íslandi var 108 í lok árs 2023, í 90 stöðugildum, 77 konur og 32 karlar. Starfsfólk félagsins var í árslok á 11 mismunandi starfsstöðvum innan og utan landsteinanna.

Jafnlaunavottun

Rauði krossinn hlaut á árinu vottun á jafnlaunakerfi í annað sinn og þar með

heimild til að nýta jafnlaunamerkið áfram í starfsemi sinni. Vottun kerfisins er til þriggja ára í senn en vottunaraðili (iCert) mun fylgja vottun eftir árlega með viðhaldsúttektum eins og venjan hefur verið. Rauði krossinn stóðst úttekt án frávika og athugasemda. Með vottun hefur Rauði krossinn fengið staðfestingu á að jafnlaunakerfi félagsins sé í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins og er megintilgangur þess að tryggja að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Unnið hefur verið að þessu markmiði síðastliðin ár og er það því mikið ánægjuefni að Rauði krossinn hafi nú hlotið vottunina.

Innanlandsstarf

Samantekt úr starfinu

NEYÐARVARNIR

Vel sótt neyðarvarnaþing var haldið að Reykjum í Hrutafirði fyrir alla sjálfbóðaliða sem starfa í neyðarvörnum. Áherslan var lögð á að greina áfallapól í nærsamfélagi.

Alls fóru fram 12 neyðarvarnaæfingar á árinu, þar af sex í aprílmánuði. Tilfelli voru af ýmsum toga s.s. hópshly, opnun fjöldahjálparstöðva, flugslys og snjóflóð. Fjórar flugslysaæfingar voru haldnar; á Vopnafirði, Bíldudal, Húsavík og Egilsstöðum. Neyðarvarnateymi Rauða krossins stóð fyrir kynningum á skyndihjálpi og neyðarvörnum á nokkrum stöðum á landinu. Íbúum gafst þar kostur á að læra hjartahnoð og fylgjast með uppsetningu fjöldahjálparstöðvar. Einn af þessum viðburðum var haldinn í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og Reykjavíkurborg á menningarnótt í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem lokum Vestmannaeyjagoss var minnst.

Í viðbragðshópi Rauða krossins eru sérþjálfaðir sjálfbóðaliðar í að veita fólki sálrænan stuðning eftir alvarleg áföll. Umfangsmestu útköll ársins voru rútslys nærri Blönduósi, snjóflóð og rýmingar á Austurlandi og rýming Grindavíkurbæjar. Algengustu ástæður útkalla eru samgönguslys, húsbrunnar, voveifleg dauðsföll og ofbeldisbrot.



Fjöldi sjálfbóðaliða sem sinntu útköllum vegna neyðarvarna eða sálræns stuðnings á árinu var 421. Alls sinntu þeir 108 útköllum, þar af 57 á höfuðborgarsvæðinu.

Viðbrögð vegna ofanflóða á Austfjörðum

Rauði krossinn opnaði fimm fjöldahjálparstöðvar vegna rýminga á Austurlandi vegna snjóflóðs sem féll á byggð í Neskaupstað og ofanflóðahættu í öðrum byggðakjörnum. Fjöl margir sjálfbóðaliðar af Austur- og Norðurlandi brugðust við kallinu. Þjónustumiðstöð var opin í Neskaupstað í þrjár vikur í kjölfarið.


Viðbrögð vegna rýmingar Grindavíkur og jarðhræringa á Reykjanesi

Rauði krossinn opnaði þrjár fjöldahjálparstöðvar vegna rýmingar Grindavíkurbæjar, á Selfossi, í Keflavík og í Kópavogi. Þá tók Hjálparsíminn 1717 sömuleiðis við skráningum frá Grindvíkingum sem fundu sér annan dvalarstað en fjöldahjálparstöð. Hjálparsíminn var einnig virkjaður sem upplýsinga- og þjónustusími fyrir íbúa.

Þjónustumiðstöð Almanna var opnuð þann 15. nóvember. Tilgangur hennar er að veita samhæfðan og heildrænan stuðning fyrir brottflutta íbúa. Má þar nefna sálrænan stuðning,

| Tegundir útkalla 2023 | Námskeið |
|--------------------------|----------|
| Sjálfsvíg | 7 |
| Bruni | 16 |
| Andlát | 13 |
| Óveður / ófærð | 6 |
| Flugatvik | 3 |
| Samgönguslys | 15 |
| Skípsskaði | 2 |
| Slys | 19 |
| Endurlífgun | 1 |
| Ofbeldi | 10 |
| Annað / Eftirfylgd | 0 |
| Náttúruhamfarir / Rýming | 16 |
| Samtals útköll | 108 |

Útkall eftir landshlutum



Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**



Alls fóru fram 12 neyðarvarnaæfingar á árinu, þar af sex í aprílmánuði

húsnæðisaðstoð, félagsráðgjöf, tryggingamál og aðra þjónusta. Rauði krossinn var og er með daglega viðveru. Félagið hóf einnig neyðarsófnun sem ætlað var að standa undir veitingu neyðarstyrkja til Grindvíkinga.

Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans veitti rúmum 70 milljónum króna til viðbragða félagsins vegna rýmingar Grindavíkur og umbrotanna á Suðurnesjum. Fjármagnið kemur úr hamfarasjóði sambandsins (e. Disaster Response Emergency Fund).

Dvalarúrræði og gistiskýli

Rauði krossinn hefur starfrækt dvalarúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd frá haustdögum 2022 í samstarfi við Vinnuálastofnun. Þangað kemur fólk til dvalar fyrstu dagana eftir að það kemur til Íslands og sækir um alþjóðlega vernd. Að því loknu er því vísað áfram í þjónustu hins opinbera. Í lok árs 2023 höfðu 4.740 manns dvalið í úrræðinu frá opnun þess.



Fjórar flugslysæfingar voru haldnar á árinu

Í lok september 2023 opnaði Rauði krossinn gistiskýli fyrir fólk sem hefur verið svipt þjónustu af hálfu stjórnvalda í kjölfar endanlegrar synjunar á umsókn sinni um alþjóðlega vernd. Að staðaldrí dvelja 14 manns í skýlinu, sem er opið frá klukkan 17:00 á kvöldin til 10:00 á morgnana. Þjónustan er veitt samkvæmt samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

HEILBRIGÐISVERKEFNI

Samráðshópur áfallamála

Samráðshópur áfallamála á landsvísi var formlega virkjaður tvisvar sinnum á árinu vegna náttúruhamfara; snjóflóða í Neskaupstað og jarðhræringa á Reykjaneskaga. Að auki voru samráðshópar um landið virkjaðir eftir þörfum.

Samráðshópurinn á Austfjörðum var virkjaður vegna snjóflóða í vor og samráðshópurinn á Suðurnesjum var að störfum vegna jarðhræringanna.

Hóparnir eru skipaðir fulltrúum frá Rauða krossinum, heilbrigðisstofnunum, sveitarfélögum, kirkju og lögreglu í hverju umdæmi fyrir sig. Þar er unnið að kortlagningu, upplýsingagjöf og fræðslu um áfallamál auk þess að gera áætlun í samstarfi við aðgerðastjórn almannavarna í umdæminu um hvernig áfallastuðningur færast yfir til þjónustuaðila í viðkomandi umdæmi.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu



Skyndihjálparmanneskja ársins 2022 var valinn Arnór Ingi Davíðsson sem bjargaði lífi bróður síns, Bjarka Þórs Davíðssonar, þegar þeir lentu í snjóflóði undir Hamrinum í Hveragerði.

Skyndihjálparmaður ársins 2022

Skyndihjálparmaður ársins 2022 var valinn Arnór Ingi Davíðsson sem bjargaði lífi bróður síns, Bjarka Þórs Davíðssonar, þegar þeir lentu í snjóflóði undir Hamrinum í Hveragerði. Viðurkenningin var veitt við hátíðlega athöfn á 112 deginum 11. febrúar. Jafnframt voru neyðarvarnir og skyndihjálparmaður Rauða krossins kynnt gestum og gangandi við sama tilefni en nokkur þúsund gestir sóttu viðburðinn í Hörpu.

Leiðbeinendanámskeið í „Öryggi og björgun: Viðbótarréttindi“ var haldið í fyrsta skipti á árinu en Rauði krossinn og Umhverfisstofnun gerðu með sér samning um að Rauði krossinn sæi um þjálfun og endurmenntun leiðbeinenda í „Öryggi og björgun: Sérhæfð skyndihjálparnámskeið fyrir laugarverði og fólk sem starfar í vatni“.

Leiðbeinendanámskeið voru haldin á Akureyri í október og Reykjavík í nóvember. Þrjátíu leiðbeinendur í skyndihjálparvörðum útskrifaðir, hvaðanæva af landinu. Rauði krossinn leggur áherslu á að fjölga leiðbeinendum í skyndihjálparvörðum höfuðborgarsvæðisins og var stigið stórt skref í þá átt á árinu.

Vinaverkefni

Vinaverkefni eru félagsleg verkefni sem hafa það að markmiði að styrkja og efla félagslega þátttöku og sporna gegn félagslegri einangrun. Heimsóknir veita félagsskap, nærveru og hlýju og taka þátt í fjölbreyttum athöfnum svo sem göngu- eða ökuferðum, upplestri, handavinnu, tónlistarflutningi og svo framvegis. Nokkrar útfærslur eru innan vinaverkefnanna t.d. hunda-, síma- og gönguvínir.

Sjálfbóðaliðar í vinaverkefnum sækja undirbúningsnámskeið hjá Rauða krossinum. Virk þör í vinaverkefnum voru rúmlega 200 árið 2023.

Aðstoð eftir afplánun er stuðningsnet fyrir fólk sem er að ljúka afplánun í fangelsi. Gert er ráð fyrir að hvert samband vari í eitt ár þar sem sjálfbóðaliði aðstoðar einstaklinginn við að aðlagast samfélaginu með því að efla getu hans til að takast á við þær áskoranir sem verða á vegi hans,

nýta sér opinbera þjónustu og öðlast tiltrú á eigin getu sem áhrifavalds í eigin lífi. Alls voru 17 einstaklingar sem lokið hafa afplánun í samfylgd sjálfbóðaliða árið 2023.

Skaðaminnkun

Markmið skaðaminnkunarverkefna Rauða krossins miðar að því að lágmarka skaða og styðja við jaðarsetta einstaklinga með því að veita skaðaminnkandi heilbrigðisþjónustu á vettvangi.

Frú Ragnheiður er starfrækt á þremur stöðum á landinu; höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Suðurnesjum.

Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu Frú Ragnheiðar 2023 eru 727.


Heimsóknir þessara einstaklinga voru 6.780 talsins. Hver einstaklingur hefur nýtt sér þjónustuna á bilinu níu til tíu sinnum á tímabilinu, en vert er að hafa í huga að sumir skjólstæðingar koma oft og eru með mikla og þunga þjónustuþörf á meðan aðrir koma einungis einu sinni. Um 60% eru karlar, 39% konur og 1% annað kyn. Stærstur hluti skjólstæðinga er á aldursbilinu 20-40 ára eða um 70% og meðalaldur fólks sem nýtir sér úrræðin er um 36 ár.

Hluti af samfélagslegri skaðaminnkun verkefnisins er að safna saman notuðum sprautubúnaði, en skaði getur hlotist af ef slíkum búnaði er komið fyrir í ruslatunnu eða skilinn eftir á víðavangi. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar hafa skilað inn samtals 5.376 lítrum af notuðum nálum og sprautubúnaði sem farið hefur í örugga förgun á árinu, sem er um 40% meira en árið áður.

Fjöldi einstaklinga sem leituðu til Frú Ragnheiðar 2023

| | Einstaklingar | Heimsóknir | Meðal fjöldi heimsóknna |
|------------------|---------------|--------------|-------------------------|
| Höfuðborgarsvæði | 642 | 5.893 | 9 |
| Akureyri | 53 | 584 | 11 |
| Suðurnes | 32 | 303 | 9 |
| Alls | 727 | 6.780 | 10 |

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**



Starfsmenn og sjálfbóaliðar

Sjálfbóaliðar verkefnisins fá ítarlega þjálfun áður en þeir hefja störf. Stór hluti sjálfbóaliða er faglært heilbrigðisstarfsfólk, m.a. hjúkrunarfræðingar og læknar.

Frú Ragnheiður hefur skapað sér traust meðal skjólstaðinga og eru sífellt fleiri einstaklingar, sem nota vímuefni um æð, sem treysta sér nú til að nýta sér þjónustu og stuðning úrræðisins. Ávinningur þess er margþættur og samfélagsleg áhrif mikil. Um er að ræða nærþjónustu sem mætir skjólstaðingum af virðingu þar sem þeir eru staddir og á þeirra forsendum. Sú nálgun stuðlar að því að koma í veg fyrir frekari jaðarsetningu.

Fræðslumyndband um notkun nefúðans Naloxone hefur verið í dreifingu á árinu og netnámskeið um skyndihjálp og Naloxone er aðgengilegt öllum að kostnaðarlausu. Að auki hefur Frú Ragnheiður dreift Naloxone til allra sem þess hafa óskað um land allt.

Sálrænn stuðningur

Í byrjun október hélt Rauði krossinn á Íslandi leiðbeinendanámskeið í sálrænni fyrstu hjálpi fyrir starfsmenn og sjálfbóaliða. Þetta er í annað sinn sem Rauði krossinn heldur námskeiðið með nýju sniði, en námskeiðið er hluti af aukinni áherslu á sálfélagslegan stuðning hjá félaginu.

Rauði krossinn á Íslandi fékk snemma árs 2023 um 100 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu til að mæta aukinni þörf fyrir sálfélagslegan stuðning við flóttafólk.

Styrkurinn er hluti af samstarfsverkefni 25 landsfélaga Rauða krossins um alla Evrópu og Evrópuskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Búdapest, sem stýrir verkefninu. Alþjóðlegt þekkingarsetur Rauða krossins í sálfélagslegum stuðningi (e. IFRC Psychosocial Centre) sér um faglega stýringu.

Evrópusambandið veitti þennan styrk sem hluta af viðbragði sambandsins við átökunum í Úkraínu en þaðan hafa sex milljónir íbúa flúið til annarra Evrópulanda. Verkefnið byrjaði upphaflega í apríl 2022 og náði þá til fimm nágrennaríkja Úkraínu; Rúmeníu, Slóvakíu, Tékklands, og Ungverjalands. Á þessu ári bættust 20 önnur Evrópulönd í hópinn. Áætluð verkefnalok eru í júní 2025.

Markmið verkefnisins eru þrjúþætt:

- Sálfélagslegur stuðningur
- Að tryggja nægan sálfélagslegan stuðning við fólk sem hefur flúið átökin í Úkraínu og við nærsamfélag þeirra.
- Stuðningur við starfsfólk og sjálfbóaliða
- Að mæta geðheilbrigðis- og sálfélagslegum þörfum starfsfólks, sjálfbóaliða og annarra viðbragðsaðila.
- Samstarf í geðheilbrigði og sálfélagslegum stuðningi
- Að styðja við samstarf allra viðeigandi samstarfsaðila í geðheilbrigði og sálfélagslegum stuðningi.

Rauði krossinn á Íslandi hefur sett sér það markmið að þjálfa a.m.k. 800 manns í sálrænni fyrstu hjálpi og veita a.m.k. 3.000 manns sálfélagslegan stuðning.

Samtals hafa landsfélögin sett sér það markmið að þjálfa tæplega 15 þúsund manns í sálrænni fyrstu hjálpi og að veita rúmlega 593 þúsund manns sálfélagslegan stuðning í þessu verkefni.

EU4Health

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**

Hjálparsíminn 1717 og netspjallið 1717.is

Hjálparsími Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is gegna því hlutverki að veita sálrænan stuðning, virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri. Hægt er að leita til Hjálparsímans í gegnum símanúmerið 1717 og í gegnum netspjall 1717 (www.1717.is) allan sólarhringinn og er þjónustan gjaldfrjáls.

Hjálparsíminn sem hluti af neyðarvörnum

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af Almannavörnum. Þegar neyðarástand skapast innanlands gegnir 1717 því hlutverki upplýsingasíma. Þá hefur hjálparsíminn það hlutverk að veita sálrænan stuðning og skrá íbúa ef rýming svæðis fer fram.

Alls störfuðu um 90 sjálfboðaliðar við verkefnið árið 2023. 1717 er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri.

Heildarfjöldi samtala 2023

1. jan – 31. des: samtals 23.392 samtöl

Netspjall = 13.477

Símtöl = 9.915

Fjöldi samtala og netspjalla - Nokkrir algengir flokkar




| |
|--|
| ● Sjálfsvígssamtöl - 1.413 |
| ● Punglyndi - 749 |
| ● Kvíði - 1.834 |
| ● Fjárhagsörðuleikar og húsnæðismál - 342 |
| ● Barnaverndarmál - 157 |
| ● Vanlíðan - 3.072 |
| ● Vanlíðan barna - 559 |
| ● Félagsleg einangrun - 4.884 |
| ● Ofbeldi - 1.124 |
| ● Sjálfsskaði - 571 |
| ● Samskiptaörðugleikar - 968 |
| Áfall - 663 |
| Samskiptaörðuleikar - 778 |
| Geðröskun - 788 |
| Spjall - 4.441 |
| Samtöl tengd Grindavík - 3.318 hið minnsta |

Aldur þeirra sem hafa samband



| |
|-------------------------------------|
| ● 0-18 ára - 1.424 |
| ● 19-25 ára - 715 |
| ● 26-35 ára - 711 |
| ● 36-50 ára - 270 |
| ● 51-66 ára - 806 |
| ● 67 ára + - 546 |
| ● Ekki gefið upp í samtali - 18.920 |


Kyn þeirra sem hafa samband við 1717



| |
|-----------------------|
| ● Kona - 5.091 |
| ● Karl - 4.776 |
| ● Kynsegin - 176 |
| ● Ekki vitað - 13.349 |

Ánægjukönnun á netspjalli 2023

84% notenda voru ánægðir með þjónustuna



| |
|-------------------|
| ● Ánægðir - 1.652 |
| ● Óánægðir - 315 |

Heildarfjöldi netspjalla árið 2023 voru 13.477. Samtals 1.967 sem mátu spjallið annað hvort gott eða slæmt.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

FARENDUR

Koma kvótaflóttafólks

Hópur kvótaflóttafólks, sem upprunalega átti að koma hingað frá Kenía samkvæmt boði stjórnvalda árið 2020, kom í byrjun sumars 2023, alls 19 manns. Engar frekari ákvarðanir um móttöku kvótafólks af hálfu stjórnvalda hafa verið teknar síðan 2020. Rauði krossinn hefur ítrekað innan flóttamannanefndar hversu bagalegt það sé, enda er það eina færa leiðin fyrir viðkvæmstu einstaklingana meðal flóttafólks til að komast í öruggt og varanlegt skjól.

Komur umsækjenda um alþjóðlega vernd

Á árinu 2023 sóttu alls 4.195 manns um vernd á Íslandi. Flest voru frá Úkraínu, eða 1.620 manns, og fá þau öll tíma-bundin dvalarleyfi strax við komu. Þar á eftir var fólk frá Venesúla fjölmennast, eða 1.556 manns. Þá komu 218 frá Palestínu, 127 frá Nígíeríu, 80 frá Sýrlandi og 78 frá Sómalíu. Alls voru umsækjendur af 65 þjóðernum.

Þjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd

Félagið er með samning við Vinnumála-stofnun um félagslegan stuðning við hópinn. Umsækjendum gefst kostur á þátttöku í fjölbreyttum viðburðum, tungumálþjálfun, íþróttum og annari virkni.

Þjónusta fyrir fólk sem hefur fengið vernd

Sú þjónusta og stuðningur sem Rauði krossinn býður flóttafólki sem hlotið hefur vernd upp á hverfist um bættu andlega líðan með sálfélagslegum stuðningi í samræmi við samþykka ályktun Rauða krossins og stjórnvalda um mikilvægi slíks starfs. Starfsmenn og sjálfboðaliðar verkefnisins eru þjálfaðir í sálfélagslegum stuðningi og veita hann bæði beint og óbeint í samveru með þátttakendum og stuðningi við þá.

Í verkefnum í þágu flóttafólks felst sálfélagslegur stuðningur, bæði persónulegur stuðningur leiðsögu- og tungumálavina og í gegnum virkni og þátttöku í félagsstarfi. Einnig felst hagnýtur stuðningur í viðtölum, almennum leiðbeiningum og ráðgjöf, leiðbeiningum varðandi fjölskyldusameiningar, fatastuðningi, styrkjum úr tómstundasjóði og ýmiss konar hagsmunagæslu.

Fræðsla flóttafólks og samstarfsaðila varðandi sálfélagslegan stuðning

Rauði krossinn hefur sinnt fræðslu til samstarfsaðila um andlega líðan flóttafólks, menningarnæmi, mikilvægi

sálfélagslegs stuðnings og mikilvægi sjálfsræktar í starfi, um áföll barna á flóttu sem og um fræðslu og sjálfshjálp til flóttafólksins sjálfs. Sérstakir styrkir fengust til þessa. Styrkirnir hafa stutt við vinnu við að þróa enn frekar leiðir til að takast á við sálfélagslegar áskoranir og aðferðir til að styðja þátttakendur innan verkefnanna, sem og að þróa leiðir fyrir flóttafólkið sjálft með sérstökum sjálfseflingarnámskeiðum.

Leiðbeinendanámskeið á helstu tungumálum flóttafólks eru í undirbúningi og áætlað er að þau hefjist í ársbyrjun 2024.

Árangursmælingar – notendakannanir

| Könnun á stuðningi og félagsstarfi | |
|---|-------------------|
| Einstaklingar með vernd sem nýttu þjónustuna árin 2020-2023 | 501 einstaklingur |
| Svarhlutfall | 36% eða 179 |
| Ég hef tekið þátt í starfi eða fengið stuðning RK | 82% eða 146 |
| Eftirfarandi gagnaðist mér vel: | |
| Fatakort | 85% |
| Almennar leiðbeiningar og upplýsingar | 85% |
| Leiðsögu- og tungumálavinir | 77% |
| Félagsstarfið | 68% |
| Viðtalstímar | 68% |
| Tungumálþjálfun | 63% |
| Mér var mætt af virðingu og vinsemi | 94% |
| Ég tel mig örugga/n í starfi Rauða krossins | 99% |

| Könnun vegna ráðgjafar við fjölskyldusameiningar og leitarþjónustu | |
|--|--|
| Einstaklingar sem nýttu þjónustuna árið 2023 | 180 einstaklingar |
| Svarhlutfall | 60% |
| Þjónustan var góð eða mjög góð | 89% (69 mjög góð, 28 góð) |
| Ég upplifði stuðning, virðingu og vinsemi í samskiptum við starfsfólk Rauða krossins | 98% (91 mjög sammála, 16 frekar sammála) |
| Aðstoðin dró úr streitu, ég varð rólegri | 95% (61 mjög sammála, 43 nokkuð sammála) |

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Framlag sjálfboðaliða

Á árinu 2023 komu 221 sjálfboðaliðar að félagsstarfi Rauða krossins fyrir farendur. Fjöldi viðburða á árinu 2023 var 1.230 eða að meðaltali 102 viðburðir á mánuði. Skráðar komur á alla viðburði voru á árinu 26.062 skipti. Þar af voru 15.835 á höfuðborgarsvæðinu, 8.425 í Reykjanesbæ og 1.802 á öðrum verkefnastöðum okkar.

Komur á viðburði eftir verkefnasvæðum



● Höfuðborgarsvæðið - 15.835

● Reykjanesbær - 8.425

● Aðrir - 1.802

Framlag sjálfboðaliða í félagsstarfi fyrir umsækjendur voru 2.391 mætingar, í samtals 3.611 klukkustundir. Sjálfboðaliðar Rauða krossins bjóða upp á félags-

lega viðburði í þeim byggðarlögum sem umsækjendur um vernd eru hýstir. Á árinu bættust sjálfboðaliðar í hópinn í Grindavík og á Laugarvatni og þeir komu upp starfi með umsækjendum um vernd þar, sambærilegu því sem lengi hefur verið rekið á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Í lok árs hófst vinna við að skipuleggja starf fyrir umsækjendur á Hótel Glym í Hvalfirði og Bifröst.

Viðburðir félagsstarfsins eru fjölbreyttir og allir eiga þeir sameiginlegt að bjóða vettvang fyrir virkni og vinaleg samskipti í

öruggu rými. Þar má nefna vikulegt Opið hús, kvennahóp og ungmennahóp ásamt hópi fyrir flóttafólk undir hinsegin regnboganum. Einnig eru ýmsir íþróttaviðburðir, listviðburðir ásamt umtalsverðri tungumáláþjálfun á bæði íslensku og ensku. Þá má nefna að bæði á Laugarvatni og í Grindavík fengust styrkir fyrir stórum samkomum þar sem umsækjendur um vernd buðu bæjarbúum að smakka mat frá heimalöndum þeirra. Stærstu viðburðirnir í Reykjavík og Reykjanesbæ voru jóla- og hrekkjavökubod þar sem hundruð tóku þátt.



Á árinu 2023 voru haldnir 1.230 viðburðir í félagsstarfi fyrir farendur.

Vinnuframlag sjálfboðaliða

| Mánuður/Month | Klst í sjálfboðavinnu/Hrs of vounteer work | Fjöldi sjálfboðaliða (mætingar)/No. of vounteer attending | Fjöldi þátttakenda (mætingar)/No. of participants | Starfsfólk/Staff attending |
|---------------|--|---|---|----------------------------|
| Janúar | 334 | 178 | 1.684 | 47 |
| Febrúar | 271,5 | 156 | 1.833 | 60 |
| Mars | 326,5 | 176 | 2.293 | 67 |
| Apríl | 262 | 139 | 1.849 | 65 |
| Maí | 336,5 | 197 | 2.424 | 74 |
| Júní | 394,5 | 254 | 2.783 | 72 |
| Júlí | 218 | 153 | 1.938 | 41 |
| Ágúst | 344 | 220 | 2.440 | 60 |
| September | 401,5 | 255 | 2.413 | 51 |
| Október | 288,5 | 273 | 2.627 | 55 |
| Nóvember | 282,5 | 229 | 2.200 | 81 |
| Desember | 152 | 161 | 1.578 | 52 |
| Samtals | 3.611,5 | 2.391 | 26.062 | 725 |

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**



InterACT – nýtt verkefni fyrir fólk með vernd

Sett var af stað nýtt tilraunaverkefni á höfuðborgarsvæðinu sem kallast InterACT. Þar er leitast við að draga úr jaðarsetningu fólks sem komið er með vernd með félagslegum og borgaralegum þátttökuverkefnum. Þátttakendur gerast sjálfbóðaliðar Rauða krossins og taka þátt í starfi sem gagnast samfélaginu á ýmsan hátt með fleiri íslenskum aðilum, bæði samtökum og vinnustöðum. Með þessu fær fólk með alþjóðlega vernd svigrúm og tækifæri til að þjálfast í íslensku á virkan hátt auk þess sem fólk frá íslenskum samtökum kynnist þessum nýju íbúum í jákvæðu samspili. Um 60 manns eru þegar komin inn í það verkefni.

Viðtalstímar

Í viðtalstímum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd er almenn upplýsingagjöf ásamt því að umsækjendum er boðið að ræða það sem þeim liggur á hjarta. Lögð er áhersla á að mæta fólki með hlýju og virðingu.

Fyrri hluta ársins voru viðtalstímar einu sinni í viku í Reykjavík og einu sinni í viku í Reykjanesbæ. Á miðju ári var ákveðið að hafa viðtalstíma fjóra morgna í viku í Reykjavík og áfram einu sinni í viku í Reykjanesbæ. Í viðtalstímum leitar fólk eftir alls konar upplýsingum er varða veru þeirra hér á landi. Á árinu komu 5.132 einstaklingar í viðtalstímana.

Tómstundasjóður

Rauði krossinn starfrækir sjóð til stuðnings börnum með vernd og geta foreldrar sótt um styrk fyrir íþrótta- og tómstundastarfi sem iðulega er fjölskyldum töluvert kostnaðarsamt. Styrkir eru veittir m.a. fyrir æfinga- og námskeiðsgjöldum, búningakostnaði, keppnisferðum og álíka. Hámarksstyrkur á ári er 30 þúsund krónur fyrir hvert barn. Fjármunum í sjóðinn er aflað sérstaklega af Rauða krossinum. Alls fengu 19 börn styrk úr sjóðnum árið 2023.

Fataaðstoð

Rauði krossinn afhenti án endurgjalds fatakort, bæði til umsækjenda um

alþjóðlega vernd og þeirra sem fengið hafa vernd, sem hægt er að nýta í fataverslun á höfuðborgarsvæðinu sem eingöngu tekur við fatakortum og fataverslunum félagsins um landið. Hvert kort er að andvirði 5.000 krónur.


Umsækjendur um vernd fengu alls 8.181 kort og þau sem komin voru með vernd fengu alls 8.144 fatakort á árinu. Aðstoð vegna fatnaðar er mjög mikilvægur fyrir bæði börn og fullorðna sem koma hingað til lands í leit að vernd, ekki síst hvað varðar kuldafatnað fyrir börn.

Alþjóðleg leitarþjónusta og fjölskyldusameiningar


Veitt voru 586 viðtöl vegna fjölskyldusameininga á árinu. Aðstoð er veitt vegna umsókna sem síðan eru afgreiddar af Útlendingastofnun. Ásamt aðstoðar vegna umsóknarferlis fengu skjólstæðingar upplýsingar og sálfélagslegan stuðning á meðan umsóknarferli stóð yfir.

Mikið álag var á fjölskyldusameiningarteymið eftir að átök brutust út á Gaza 7. október. Um það bil 50 manns komu í viðtöl vegna fjölskyldusameininga sem höfðu verið samþykktar, en fólkíð átti mjög erfitt með að komast frá Gaza.

Fjöldi viðtala vegna leitarþjónustu og fjölskyldusameininga (2023)



Útsendar leitarbeiðnir á árinu eftir löndum



Alþjóðaverkefni

Áherslur í alþjóðlegu samstarfi á árinu 2023



Áherslur Rauða krossins á Íslandi í alþjóðlegu samstarfi lúta að jafnrétti kynjanna og aukinni vernd berskjaldaðra hópa, áherslu á að styrkja landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans svo þau geti sinnt sjálfbærni hjálpar- og mannúðarstarfi í sínum samfélögum ásamt viðbrögðum við og mótvægi gegn loftslagsbreytingum.

Samstarf við stjórnvöld og atvinnulíf

Árið 2022 skrifuðu Rauði krossinn og utanríkisráðuneytið undir rammasamninga um verkefni á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar sem eru í gildi til ársloka 2024. Rammasamningar þessir hafa auðveldað alþjóðastarf Rauða krossins með auknum fyrirsjáanleika og skilvirkni. Á síðastliðnu ári hlutu mannúðarverkefni Rauða krossins 168 milljónir króna á grundvelli rammasamnings og þróunarsamvinnuverkefni hlutu 156 milljónir króna.

Rauði krossinn innleiddi tvö kynningar- og fræðsluverkefni sem styrkir fengust fyrir árið 2022. Annað verkefnið snýr að eflingu Rauða krossins í að bregðast við ofbeldi, mismunum og útilokun. Verkefnið er viðamikil úttekt á starfi og virkni Rauða krossins og fól í sér fræðslu fyrir starfsfólk

og sjálfbodaliða. Gagnasöfnun er lokið og aðgerðaráætlun byggð á niðurstöðum verður kynnt á fyrri hluta árs 2024. Hitt verkefnið er kynning á alþjóðaverkefnum félagsins með gerð myndbanda. Framleiðsla þeirra hófst í lok árs 2023 og verður lokið 2024.



Fyrirtæki veittu mikilvægan fjárstuðning til alþjóðlegra verkefna Rauða krossins, meðal annars til færnanlegrar heilsugæslu fyrir um 30 þúsund manns í Sómáliu og til neyðarviðbragða vegna jarðskjálfta í Tyrklandi og Sýrlandi.

Áherslusvæði

Áherslusvæði Rauða krossins á Íslandi eru sem fyrr Afríka sunnan Sahara og Miðausturlönd. Rauði krossinn hefur stutt

landsfélögin í Malaví, Síerra Leóne og Sómáliu við innleiðingu þróunarverkefna um langt árabíl og í Miðausturlöndum hefur Rauði krossinn sömuleiðis stutt starf palestínska Rauða hálfmánans í áratugi. Þegar neyð skapast á áherslusvæðum styður Rauði krossinn á Íslandi við neyðarbeiðni sem berast frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) og Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC).

Undanfarin tvö ár hefur óvenju mikil neyð skapast innan Evrópu vegna átakanna í Úkraínu og því hefur stuðningur einnig verið veittur innan Evrópu. Gríðarlegar hamfarir áttu sér einnig stað í Norður-Afríku á árinu og Rauði krossinn á Íslandi studdi við neyðarviðbrögð þar. Sendifulltrúar félagsins sinna störfum hvar sem aðstoðar þeirra er þörf.

Sendifulltrúar

Alls átta manns fóru í sendiför fyrir félagið. Á árinu var haldið grunnnámskeið hér á landi fyrir sendifulltrúa. Þátttakendur komu frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Að auki gafst tækifæri til að senda fólk á sendifulltrúanámskeið hjá Rauða kross landsfélögum á Norðurlöndum.

Alþjóðaverkefni **Áherslur í alþjóðlegu samstarfi**



Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi heimsóttu Sómalíu og kynntu sér starfið sem fram fer þar

Alþjóðleg verkefni Rauða krossins á Íslandi og störf sendifulltrúa

Alls voru 8 einstaklingar af Veraldarvakt Rauða krossins við störf á árinu 2023.

Ungverjaland

Sarah Al Barghouti, sálfræðingur, hóf störf í lok maí sem verkefnafulltrúi í verkefnum á sviði verndar, jafnréttis og þátttöku án aðgreiningar á svæðaskrifstofu IFRC í Evrópu, sem er staðsett í Búdapest í Ungverjalandi. Um er að ræða samstarfsverkefni RKÍ og IFRC með stuðningi UTN.

Miðjarðarhaf

Andri Rafn Sveinsson, hjúkrunarfræðingur, var hluti af heilbrigðisteymi Rauða krossins um borð í björgunarskipinu Ocean Viking á Miðjarðarhafinu við björgun bátafloftafólks frá byrjun október til loka nóvember.

Hrónn Hákansson, hjúkrunarfræðingur, starfaði frá byrjun desember 2022 fram í janúar 2023 með heilbrigðisteymi Rauða krossins um borð í björgunarskipinu Ocean Viking við að sinna bátafloftafólki á Miðjarðarhafi.

Jordi Cortes, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum, var sendifulltrúi á sviði verndar, jafnréttis og þátttöku án aðgreiningar um borð í björgunarskipinu Ocean Viking á Miðjarðarhafinu við björgun bátafloftafólks frá byrjun október til loka nóvember.

Palestína

Elin Jakobína Oddsdóttir, skurðhjúkrunarfræðingur, hélt út í desember og starfaði í sex vikur með skurðlækningateymi ICRC á Evrópska sjúkrahúsinu í Palestínu.

Sierra Leóne

Karl Benediksson, landfræðingur, hélt til Freetown í Sierra Leone í júlí 2022 og starfaði sem verkefnastjóri í afríska landgræðsluverkefninu African Tree Planting & Care Programme í eitt ár. Hann sinnir enn ráðgjöf við verkefnið.

Suður Súdan

Kolbrún Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, starfaði í heilbrigðisteymi sjúkrahúss ICRC í Juba í Suður-Súdan í apríl og sinnti almennum hjúkrunarstörfum, kennslu starfsfólks og aðhlyningu í sjúkraflugum.

Malaví

Silvia V. Raitshev, sálfræðingur, hélt til Malaví í október til að taka þátt í langtímaverkefni malavíska Rauða krossins til að efla getu landsfélagsins til að veita geðheilbrigðisþjónustu og sálfélaglegan stuðning.



Suður Súdan



Malaví



Palestína



Sierra Leone



Ungverjaland

Fjáröflun



Framlög fyrirtækja sem studdu verkefni félagsins eru Rauða krossinum mjög mikilvæg.

Hópur Mannvina stækkaði á árinu, en það eru einstaklingar sem styðja félagið með mánaðarlegu fjárframlagi. Er þeim þakkaður hér með stuðningurinn.

Líkt og undanfarin ár var jólamerkimiðum dreift inn á heimili í landinu, en í ár voru miðarnir skreyttir með teikningum af múmínálfunum sem Tove Jansson gerði fyrir Rauða krossinn í Finnlandi árið 1963. Miðarnir voru vinsælir og mikið nýttir af landsmönnum.

Tónlistarkonan Ellen Kristjánsdóttir stóð fyrir söfnunartónleikunum í Hörpu 29. maí í samstarfi við RÚV, Hörpu og fleiri. Tónleikarnir voru til styrktar skaðaminnkunarverkefnum Rauða krossins og voru sýndir í beinni útsendingu á RÚV. Á tónleikunum söfnuðust 40 milljónir króna sem runna til skaðaminnkunarverkefnanna.

Neyðarsafnanir

Nokkrar neyðarsafnanir fóru fram á árinu. Sú fyrsta var vegna jarðskjálfta sem urðu í Tyrklandi og Sýrlandi og kostuðu tugþúsundir mannslífa og ollu gríðarlegri eyðileggingu. Í maí sendi Rauði krossinn á Íslandi 46 milljónir króna til að styðja hjálparstarf vegna hamfaranna, en af þeim komu rúmlega 23 milljónir úr neyðarsöfnun og afgangurinn frá Mannvinum og rammasamningi við utanríkisráðuneytið.

Rauði krossinn á Íslandi sendi einnig 30 milljónir króna til að styðja hjálparstarf vegna mannskæðra flóða sem urðu í Marokkó og Líbíu í september og kostuðu tugi þúsunda mannslífa. Af þessum 30 milljónum króna komu tæplega 3,2 milljónir úr neyðarsöfnuninni og afgangurinn frá Mannvinum og rammasamningi við utanríkisráðuneytið.

Félagið hóf neyðarsöfnun vegna neyðarástandsins sem skapaðist á Gaza eftir 7. október. Rauði krossinn studdi

hjalparstarf þar með 75 milljón króna framlagi, en af þeim komu um 3,5 milljónir úr neyðarsöfnun og afgangurinn frá Mannvinum og rammasamningi við utanríkisráðuneytið.

Fjórða neyðarsöfnunin var vegna neyðarvarnariðbragða við jarðhræringunum á Reykjanesskaga og hún skilaði 14,5 milljónum króna. Þessi söfnun hélt áfram á nýju ári, en þá færðist áherslan frá neyðarviðbrögðum Rauða krossins yfir í fjárstuðning til íbúa Grindavíkur.



Fataverkefni

Rauði krossinn safnar fötum um allt land og selur í 19 verslunum sem staðsettar eru víðsvegar um landið, auk fjölmargra markaða sem haldnir eru við ýmis tækifæri. Allt sem safnast í fatagáma Rauða krossins er endurnotað, endurnýtt eða sent til endurvinnslu erlendis. Eimskip er dyggur stuðningsaðili verkefnisins í formi flutnings bæði innanlands og utan.



Fjármál

Tekjur og framlög 2023

Rekstur húsnæðisúrræðis fyrir um-sækjendur um alþjóðlega vernd skv. samningi við Vinnuálastofnun sem hófst haustið 2022 hélt áfram allt árið. Þá hóf félagið starfrækslu neyðarskýlis, að ósk félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, fyrir fólk sem synjað hefur verið um vernd á Íslandi. Jarðhræringar og eldgos á Suðurnesjum settu mikinn svip á starf-semina síðustu vikur ársins.

Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans veitti félaginu styrk sem var að stórum hluta nýttur í fjár-hagslega aðstoð til Grindvíkinga sem þurft hafa að flýja heimili sín af völdum jarðskjálfta og eldgoss. Þá fékk félagið Evrópustyrk til veita flóttafólki sálrænan stuðning.

Heildartekjur ársins voru 3.140 milljónir, þar af voru tekjur af samningsbundnum

verkefnum fyrir ríki og sveitarfélög 1.065 milljónir. Tekjur af söfnunarkössum hækkuðu um 10% og voru 384 milljónir. Styrkir og framlög frá almenningi og fyrirtækjum námu alls 626 milljónum. Framlög frá utanríkisráðuneytinu í formi rammamanna voru alls 324 milljónir króna.

Heildarframlög til verkefna voru alls 2.887 milljónir. Þar af fóru 980 milljónir til verkefna innanlands. Stærstu innlendu verkefni voru þjónusta við flóttafólk á landsvísi og rekstur fjöldahjálparstöðvar.


Framlög í alþjóðlegt hjálparstarf og alþjóðasamstarf var alls 673 milljónir. Hæstu framlögin tengdust Úkraínu og björgun mannslífa í Miðjarðarhafi. Alls fóru 66 milljónir til mannúðar- og þróunarverkefna í Afríku, einkum í Malaví, Sierra Leone og Sómalíu.

Rekstur fataverkefnis gekk vel og skilaði 85 m.kr. hagnaði. Svipað magn var flutt út og árið áður, rúm 2.400 tonn. Úthlutun á fatnaði til flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd var meiri en nokkru sinni fyrr. Um 5.500 einstaklingar fengu gefins fatnað að verðmæti 70 milljónir.


Velta Sjúkrabílasjóðs jókst um 18% og var 866 milljónir, þar af voru flutnings-tekjur 576 milljónir, 271 milljónir komu frá Sjúkratryggingum og eigið framlag Rauða krossins var 19 milljónir. Fjárfest var í 12 nýjum sjúkrabílum og heildarfjár-festingar í bifreiðum og tækjum voru alls um 260 milljónir.

Stöðugildi hjá Rauða krossinum voru að jafnaði 90 á árinu og launagreiðslur voru alls 1.075 milljónir. Stöðugildi hjá deildum voru alls 21 og 2 sendifulltrúar voru að jafnaði starfandi í hjálparstarfi erlendis.


Þróun tekna í milljónum króna síðustu 5 ár




Alþjóðaverkefni



Útgjöld eftir verkefnum



Verkefni innanlandsstarfs



Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

| Tekjur í milljónum króna | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 |
|--------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Söfnunarkassar | 384 | 349 | 284 | 201 | 427 |
| Frjáls framlög | 626 | 642 | 546 | 789 | 389 |
| Samningar við stjórnvöld | 1.065 | 1.083 | 1.515 | 1.034 | 967 |
| Sjúkraflutningar | 576 | 468 | 425 | 308 | 361 |
| Sölustarfsemi | 472 | 392 | 395 | 309 | 409 |
| Aðrar tekjur | 16 | 20 | 94 | 124 | 167 |
| Samtals | 3.139 | 2.955 | 3.259 | 2.765 | 2.719 |

| Framlög til verkefna í milljónum króna | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 |
|--|------|-------|-------|-------|-------|
| Alþjóðlegt hjálparstarf | 605 | 587 | 391 | 501 | 371 |
| Alþjóðasamstarf | 68 | 80 | 68 | 49 | 84 |
| Innanlandsstarf | 980 | 1.025 | 1.396 | 1.162 | 1.127 |
| Sjúkraflutningar | 633 | 555 | 526 | 491 | 465 |
| Hjálparsíminn 1717 | 58 | 55 | 47 | 47 | 34 |
| Athvörf Rauða krossins | 0 | 0 | 32 | 124 | 116 |

| Skipting útgjalda eftir verkefnum í milljónum króna | 2023 | % |
|---|--------------|-------------|
| Innanlandsstarf | 980 | 34% |
| Alþjóðlegt hjálparstarf | 605 | 21% |
| Alþjóðasamstarf | 68 | 2% |
| Sjúkraflutningar | 633 | 22% |
| Fjáröflun og kynning | 412 | 14% |
| Önnur starfsemi | 190 | 7% |
| Samtals | 2.887 | 100% |

| Sundurliðun innanlands | 2023 | % |
|---------------------------------|------------|-------------|
| Deildarstarf | 88 | 9% |
| Skyndihjálp og neyðarvarnir | 227 | 23% |
| Skaðaminnkun | 95 | 10% |
| Hjálparsíminn | 58 | 6% |
| Flóttamenn og hælisleitendur | 277 | 28% |
| Farsóttarhús og sóttvarnarhótel | 172 | 18% |
| Félagslegur stuðningur | 56 | 6% |
| Önnur verkefni | 7 | 1% |
| Samtals | 980 | 100% |

| Sundurliðun alþjóðlegs hjálparstarfs | 2023 | % |
|--------------------------------------|------------|-------------|
| Neyðaraðstoð | 371 | 61% |
| Próunarsamvinna | 185 | 31% |
| Sendifulltrúar | 49 | 8% |
| Samtals | 605 | 100% |



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is